



SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland
www.skyldingar.is



Kaupmannahöfn, 28. ágúst 2022

Fréttatilkynning

Nordic Fencing Festival OPNA NORÐURLANDAMEISTARAMÓT Í SKYLMINGUM

Íslenska landsliðið í skyldingum hélt sigurgöngu sinni áfram a Opna Norðurlandameistaramótinu.

Í gær var keppt í flokki 17 ára og yngri. Jóel Ben Tompkins náði frábærum árangri á sínu fyrsta alþjóðlega móti og hafnaði í þriðja sæti. Einnig var keppt í flokki fullorðinna og náði þar Sævar Baldur Lúðvíksson fyrrum Norðurlandameistari frábærum árangri þar sem hann náði öðru sæti.

Í dag var keppt í liðakeppni fullorðinna og endaði kvennalandsliðið í öðru sæti, en í því liði eru Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Giedre Razgute og Karitas Jónsdóttir.

Í æsispennandi úrslitabardaga Íslands í flokki karla sigruðu þeir, Sævar Baldur Lúðvíksson, Gunnar Egill Ágústsson, Alexander Viðar og Jakob Lars Kristmannsson nauman sigur gegn Dönum 45-44. Þetta er annað sinn í röð sem Ísland tekur gull í liðakeppni karla.

Í yngsta flokki keppinnar 13 ára og yngri náði Fróði Richard Sigurðsson þriðja sæti á sínu fyrsta alþjóðlegu móti. Í lok dagsins sigraði Guðjón Ingi Gestsson í flokki öldruna 60-70 ára.

Samtals hefur íslenska landsliðið í skyldingum náð fjórum gullum, fimm silfur og sex bronsverðlaun.

Dagana 24. – 28. ágúst er haldið Opna Norðurlandameistaramótið í skyldingum í Kaupmannahöfn í Danmörku. Keppendur eru yfir 900 frá 11 þjóðum og er þetta eitt fjölmennasta Opna Norðurlandameistaramót frá upphafi, 16 íslenskir keppendur taka þátt í hinum ýmsu flokkum.

Í gær, 25. ágúst kepptu Alexander Viðar, Jakob Lars Kristmannsson, Jóel Ben Tompkins og Kjartan Gunnsteinn Kjartansson í flokki 20 ára og yngri karla með höggsverði.

Jakob Lars Kristmannsson náði frábærum árangri og lenti í öðru sæti.

Anna Edda Gunnarsdóttir Smith tók þátt í flokki 20 ára og yngri kvenna með höggsverði og lenti í þriðja sæti.

Í dag kepptu Alfred Ási Davíðsson, Ari Vilberg Jónasson, Fróði Richard Sigurðsson, Logi Baldur Bjartmarsson, Magnús Matthíasson og Ýmir Darri Hreinsson í flokki 15 ára og yngri með höggsverði og Karitas Jónsdóttir í kvennaflokki.

Ýmir Darri náði glæsilegum árangri og er Norðurlandameistari í sínum flokki þar sem hann vann



SKYLDINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland
www.skyldingar.is



liðsfélaga sinn Magnús í úrslitabardaga 15-3. Í þriðja sæti endaði Logi Bjartmarsson og þetta er frábær frammistaða hjá okkar yngstu skyldingarkynslóð.

Karitas Jónsdóttir skyldmist mjög vel og endaði í þriðja sæti sem er frábær árangur þar sem þetta er hennar fyrsta mót.

Ísland var Norðulandameistarar í liðakeppni undir 20 ára með höggverð, fyrir hönd Íslands kepptu Alexander Viðar, Jakob Lars Kristmannsson, Jóel Ben Tompkins og Ýmir Darri Hreinsson. Ísland vann Svíþjóð í úrslitaleik með glæsibrag 45-39.

Á morgun verður keppt í flokki 17 ára og yngri bæði karla og kvenna ásamt fullorðins flokkum.

Ef þið hafið áhuga á frekari upplýsingum þá er hægt að hafa samband við Nikolay í síma 898 0533.

Hjálagt eru ýmsar myndir og upplýsingar af mótinu.

Nánari upplýsingar veitir: Nikolay Mateev, gsm: 8980533

Fyrir hönd Skyldingasambands Íslands,
Nikolay Ivanov Mateev, Formaður